# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 82

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 30/10 '11
Bg. 22

Eftirrit
af byggingarnefndargjörð 30. okt. 1911

Ár 1911, mánudaginn 30. október, kom byggingarnefndin saman á fund og voru tekin til meðferðar mál þessi er hér greinir:

× 1. Nic Bjarnason kaupm. leyft að breyta skúr við bakhlið á húsi hans Lindargötu 5, stækka hann um 1°9"×3°.

2. Erindi frá Ingimundi Ögmundssyni um breytingar á húsi við Þingholtsstræti 50 vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

× 3. Sigurgeir Sigurðssyni leyft að reisa skúr 4°×3° á lóð hans Nýlendugötu 17, austanvert við hús hans en upp að húsi Bjarna og Kristine Pétursson og með samþykki þeirra.

× 4. Ludvig Kaaber leyft að setja venjulegt þak í stað glerþaks þess, sem nú er, á húsi hans Hverfisgötu 4 B.

× 5. Birni Guðmundssyni leyft að reisa skúr við norðurenda húss hans Framnesvegi 30. Skúrinn er jafnbr. húsinu 10', 8' á lengd.

× 6. Jónas H. Jónsson endurnýjar beiðni sína um að mega breyta geymsluhúsinu suður úr Bárubúð í íbúðarhús, sem um var synjað á síðasta fundi. (7. atr.) Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti veita undanþágu frá 28. gr. bsmþ. um tvo stiga, en með því skilyrði að umsækjandi leggi fram nýjan uppdrátt er borgarstjóri og byggingarfulltrúi samþykki.

Felt

7. Leyft að reisa salerni 1½°×1½° við húseignina Sólheima Brekkustíg 9. (bæjarsjóður)

8. Brillouin fyrv. konsúll hefir árið 1909 reist hesthús á lóð Spítalafélagsins frakkneska í óleyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar. Á fundi 2. okt. s.á. krefst byggingarnefnd niðurrifs tafarlaust á hesthúsi þessu og sektir á hendur Brillouins og er krafan ítrekuð af bæjarstjórn á fundi 7. júlí 1910. Nú óskar Brillouin að fá leyfi til að breyta húsi þessu og byggja við það jurtaskála (vinterhave). Að svo vöxnu máli getur byggingarnefndin ekki veitt hið umbeðna leyfi sem mundi fela í sér heimild til notkunar á lóð, sem umsækjandinn á ekki, að vitund byggingarnefndar, en leggur til að ítrekuð sé áður gerð krafa byggingarnefndar og bæjarstjórnar um niðurrif og sektir.

Frestað

× 9. Oddur Gíslason yfirréttar málaflutningsmaður hefir byggt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…ihús 4"x4" í garðinum við hús hans Hárfáveg 26 án þess að
…ðast leyfis byggingarnefndar. Nefndin vill leyfa honum að
…ta húsið standa L en kærir eiganda þess og smið, Pétur
…mið Ingimundarson til sekta fyrir að hafa byggt í óleyfi.
…ir á fundi nema Páll Einarsson og Tryggvi Gunnarsson.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

K. Zimsen

Jón Jensson B. Jónasson Rögnvaldur Ólafsson

L þó þannig, að hann rífi [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg þarf litilsháttar að breita
skúr sem er við hús mitt suðurgötu 5,
og vil jeg hjermeð spyrja hina háttvirtu
byggingarnefnd hvort nokkuð væri
því til fyrirstöðu. Uppdráttur af
húsinu ásamt skúrnum fylgjir hjermeð

Reykjavík 25-10-11
Virðingarfyllst,
Aké Bjarnason

B. Rvk. 65/1911 Bý 22.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur, að mjer verði leyft að byggja skúr 4 + 6 austanvert við húseign mína í Nýlendugötu No 12 hjer í bænum.

Reykjavík 23. október 1911.

Sigurgeir Sigurðsson

B. Rvk. 651/1911, Bn 22.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir tilkynnum hjermeð
að hafa leyft hr. Sigurgeir Sigurðssyni
að byggja, skúr að stærð 6°+4° fast upp
að húsheið okkar.

Rvk. 25 oktob 1911.

J. B. Pjetursson

Kristinn Petursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 18/10. 1911

Jeg undirskrifaður leifi mjer hjer með
að leita samþikkis hinnar háttvirtu bygging-
arnefndar að fá að breita þaki á húsi mínu við
Hverfisgötu № 4 A þannig að jeg megi taka burt
glerþak það, sem er yfir norðurhlið hússins
(og til hefur heirt myndastofu sem áður
hefur verið í húsinu en nú er flutt) og
að jeg megi seta þess í stað venjulegt þak
eptir ákvæðum byggingarsamþiktar.

Með virðingu
Lúdvig Kaaber

B. Rk. 652/1911 - Bs 22.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framnesveg 30

Eg undir skrifaður leifi mér hér með að beiðast þess að mér verði leift að byggja viðbót við hús mitt samkvæmt því sem með fylgjandi uppdráttur sýnir.

Virðingar fylst

Reykjavík 21 oktober 1911

Björn Guðmundsson

Til byggingar nefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 653/1911. Bg. 22.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að háttvirt byggingarnefnd Reykjavíkur hefur á fundi sínum 14 Okt. 1911 synjað mjer um leyfi til þess að breyta geymslu húsi mínu við Bárubúð í íbúðarhús, þá leyfi jeg mjer hjermeð að ítreka þá beiðni mína til háttvirtrar byggingarnefndar, með þeim skýringum er hjer greinir.

1. Húsið er nákvæmlega eins byggt og hús Eiríks B. Hjaltesteds járnsmiðs, sem stendur við hlið á þessu húsi mínu, og hann hefur íbúð í með 1. stiga stæmum.

2. Jeg lofa og skuldbind mig til að gjöra frárennsli frá íbúðinni á sem hagkvæmastan hátt, og í samráði við verkfræðing bæjarins.

3. Húsið verður allt fóðrað innan með „Cocolith", er lítillar eldshættu að vænta því það kvað eigi geta brunnið.

4. Sje það af háttvirtri byggingarnefnd álitið bráðnauðsyn að setja annan stiga í húsið, framyfir þann sem sýndur er á meðfylgjandi uppdrætti, þá lofa jeg að gjöra það í samráði við verkfræðing bæjarins, en jeg vonast til að það verði eigi álitin nauðsyn af háttv. byggingarnefnd.

Jeg vænti jafnrjettis við nágranna minn Eirík B. Hjaltested járnsmið, og vænti þess að mjer eigi verði neitað um þetta leyfi, með líka meðal annars að þá yrði jeg nú húsviltur með konu og börn og húspláss nú algjörlega ófáanlegt.

Jeg treysti því að mjer verði veitt leyfi til breitinganna á húsinu.

Reykjavík 30 Okt. 1911
Virðingarfyllst.
Jónas H. Jónsson

B. Rvk. C 54/1911 Bg 22.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur